1. útgáfa 17.01.2022

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Turtle Wax áklæðahreinsir 300ml, með bursta**

Vörunúmer: **525 FG7629 AX (Hall Miba Vnr. 3013720)**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hreinsiefni fyrir innanrými í bílum.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

Hall Miba AB
Forsdalavägen 2
S-342 32 Alvesta, Svíþjóð
00-46-472-166-00
info@hallmiba.com
www.hallmiba.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki: Engin.

Viðvörunarorð: **VARÚÐ**

Hættusetningar

H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Annað Um 3% innihaldsefna eru eldfim.

Inniheldur Undir 5% af: Alífatískum vetniskolefnum, neikvætt hlöðnum og óhlöðnum yfirborðsvirkum efnum, ilmefnum.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Efnisheiti	Númer		Innihald %	Flokkun (CLP)
Etýldíglýkól	REACH		5 - 9,99	
	Index			
	EB	203-919-7		
	CAS	111-90-0		
Bútan	REACH	01-2119474691-32	1 - 2,49	H220, H280
	Index			
	EB	203-448-7		
	CAS	106-97-8		
Koldíoxíð	REACH		1 - 2,49	H280
	Index			
	EB	204-696-9		
	CAS	124-38-9		
Natríum-N-láróýlsarkósínat	REACH	01-2119527780-39	0,1 - 0,99	H315, H318, H330
	Index			
	EB	205-281-5		
	CAS	137-16-6		
Natríumbensóat	REACH	01-2119460683-35	0,1 - 0,99	H319
	Index			
	EB	208-534-8		
	CAS	532-32-1		
Própan	REACH	01-2119486944-21	0,1 - 0,99	H220, H280
	Index			
	EB	200-827-9		
	CAS	74-98-6		
Etanól	REACH	01-2119457610-43	< 0,099	H225
	Index			
	EB	200-578-6		
	CAS	64-17-5		
Pentan	REACH	01-2119459286-30	< 0,099	H225, H304, H336, H411
	Index			
	EB	203-692-4		
	CAS	109-66-0		
Ammóníaklausn	REACH	01-2119488876-14	< 0,099	H314, H318, H335, H400
	Index			
	EB	215-647-6		
	CAS	1336-21-6		

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Leggið í stellingu sem léttir öndun.

Snerting við húð Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlæknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Inntaka Skolið munn með nægu vatni. Leitið læknis við vanlíðan. Framkallið ekki upköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Vísvitandi inntaka leysiefna getur orskað alvarlegan heilsuskaða og jafnvel reynst banvæn.

Innöndun Gufa getur valdið höfuðverk, þreytu og vanlíðan.

Snerting við húð Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið skaða í húð.

Snerting við augu Getur valdið ertingu.

Inntaka Getur valdið höfuðverk, þreytu, ógleði og vanlíðan.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé eftir einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, froða, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Spengihætta ef lokaðar umbúðir ofhitna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið svæðið. Reykið ekki. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Gangið ekki í losuðu efni. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar, lið 11. um eiturhrif og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu, einnig við gólf. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Fylgið leiðbeiningum á umbúðum. Reykið ekki. Haldið fjarri eld- og neistagjöfum.
Úðið ekki á heita fleti. Gatið ekki né brennið úðabrúsa að notkun lokinni.
Fylgið leiðbeiningum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við hebergishita á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri sólarljósi, háu hitastigi (>50°C), eld- og neistagjöfum, og öðrum eldfimum og auðtendranlegum efnum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	
Etýldíglýkól	15	80	30	170	WEL
Koldíoxíð	5000	9000	10000	18000	WEL
Etanól	500	1000	1000	1900	WEL
Pentan	600	1800	750	2000	WEL
Ammóníakslausn	25	18	50	35	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.
Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum. Reykið ekki.

Persónuhlífar



Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn sé þess talin þörf (EN 166).
Húð - hendur Að jafnaði er ekki þörf á notkun hlífðarhanska.
Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.
Öndunarfæri Að jafnaði er ekki þörf á notkun öndunarbúnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi (úðabrúsi)
Litur: Litlaus
Lykt: Inniheldur ilmefni
Gufuþrýstingur (20°): 760-880 kPa
Eðlisþyngd: Um 1,0
Leysanleiki: Vatnsleysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Úðabrúsi undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar, mikil birta. Umbúðir geta sprungið við upphitun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Spengihætta ef lokaðar umbúðir ofhitna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Innöndun Gufa getur valdið höfuðverk, þreytu og vanlíðan.
Snerting við húð Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið skaða í húð.
Snerting við augu Getur valdið ertingu.
Inntaka Getur valdið höfuðverk, þreytu, ógleði og vanlíðan.

Etýldíglýkól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	3950	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	6000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	5,24	mg/l/4 klst	rotta	

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	20	mg/l/4 klst	rotta	

Natríum-N-láróýlsarkósínat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	0,05	mg/l/4 klst	rotta	

Natríumbensóat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	12,2	mg/l/4 klst	rotta	

Própan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	20	mg/l/4 klst	rotta	

Etanól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	7060	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	20000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	124,7	mg/l/4 klst	rotta	

Pentan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	400	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	3000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	364	mg/l/4 klst	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Upplýsingar um vöruna liggja ekki fyrir.

Etýldíglýkól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	10000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	1982 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC_{50}	53 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		90%	28 d		OECD 301C
Uppsöfnun í lífverum	Log Pow = 0,08				

Bútan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	24 mg/l	96 klst	Fiskar	Rokgjarnt
Eiturhrif	EC_{50}	14,2 mg/l	48 klst	Daphnia	Rokgjarnt
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar greiðlega niður			

Natríumbensóat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar greiðlega niður			
Uppsöfnun í lífverum	Log Pow = -0,32				

Própan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	EC_{50}	27 mg/l	48 klst	Daphnia	Rokgjarnt
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar greiðlega niður			

Etanól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	13500 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	5400 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC_{50}	>10,9 mg/l	72 klst	Þörungar	
Uppsöfnun í lífverum	Log Pow = -1,31				

Pentan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	4,26 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	2,7-9,1 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IC_{50}	7,51 mg/l	72 klst	Þörungar	

Ammóníakslausn					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	0,01-0,1 mg/l			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
14 06 03 (Aðrir leysar og leysablöndur)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Ekki skal gata eða skera í óhreinsaðar umbúðir.
Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
15 01 04 (Málmumbúðir)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.2
Pökkunarflokkur:	-
Hættuundirflokkur:	5A, 5O
Jarðgangaflokkun:	E
Mengunarhætta:	Nei

IMDG:



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.2
EmS:	F-D, S-U
Pökkunarflokkur:	-
Mengunarhætta:	Nei

IATA:



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.2
Pökkunarflokkur:	-

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 2015/830, 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun

H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa: 1
Dags: 17.01.2022

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***HALL MIBA AB***
SAEKERHETSDATABLAD
TURTLE WAX EXTREME TEXTILE CLEAN
Útgáfa: *12.02.2015, Endurskoðun 4*